FRÉTTABRÉF

Ferðamálafélags Hríseyjar

KARRINN

Desember 2013

7. árgangur 7. tölublað



Hríseyjarfréttir

Ágætu lesendur! Hægt verður að nálgast Karrann á heimasíðunni www.hrisey.net

Hugleiðingar stjórnar.

Þá er Karrinn kominn út sjöunda árið í röð. Alltaf er jafn gaman að sjá hvað mikið er um að vera í eyjunni okkar þessa síðustu vikur ársins. Ýmsar hefðir hafa myndast og eru íbúar mjög duglegir við að taka þátt í þeim. Þar má nefna jólastund í húsi Hákarla Jörundar, kaffihlaðborð í Brekku, jólaljósa viðurkenning, möndlugraut og þegar kveikt er á jólatrénu og boðið upp á smákökur og kakó á eftir í Júllabúð. Nú fer dimmasti tími ársins í hönd og tilvalið að kveikja nokkur jólaljós og njóta þess að vera til. Um að gera að slaka á og muna að jólin koma alltaf sama hvað við brösum mikið eða lítið. Njótum líðandi stundar á aðventunni, kveikjum á kertum, njótum myrkursins og látum okkur líða vel.

Óskum Hríseyingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum árið sem er að líða.

Góðar stundir

Hanna Hauksdóttir
Ingimar Ragnarsson
Linda María Ásgeirsdóttir
Víðir Björnsson
Þorgeir Jónsson
Þröstur Jóhannsson



Fréttir úr Hríseyjarskóla

Skólinn var settur 22. ágúst sl. Nemendum fækkaði töluvert á milli ára og í ár eru 17 nemendur í grunnskóladeild og 11 í leikskóladeild. Nokkrar breytingar voru gerðar og má þá fyrst nefna að í vetur er kennt í þremur bekkjardeildum, yngri deild sem er 1. og, 2. bekkur, miðdeild sem er 3., 4. og 5. bekkur og eldri deild sem er 8. 9. og 10 bekkur. Sl. vor gerðum við þá breytingu að nemendum á elsta stigi gafst kostur á að velja sér fjögur valfög úr lista sem við settum upp. M.a. völdu nemendur heimilisfræði, myndmennt, tölvufræði og leikskólaval. Reynt var að koma til móts við alla en með fækkun nemenda varð þetta aðeins erfiðara í framkvæmd. Nokkrir nemendur fara í valtíma á Akureyri á þriðjudögum þar sem þeir leggja stund á þýsku og líkamsrækt. Þá eru nokkrir nemendur sem taka framhaldsskóla áfanga í ensku frá Framhaldsskólanum á Laugum í fjarnámi.
Á haustdögum var gengið í það að færa bókasafnið niður, sem auðveldar aðgengi fólks að safninu. Sjálfboðaliðar tóku þátt í flutningunum sem gengu hratt og örugglega fyrir sig.
Námið í öllum deildum hefur gengið vel. Í yngri deild er unnið að byrjendalæsi og eru nemendur og kennarar duglegir að blanda saman leik og kennslu í öllum greinum. Boðið var upp á listasýningu í Júllabúð á verkum nemenda. Hvammur kom færandi hendi og veitti skólanum veglega gjöf, CAT- kassa sem notaður er til að auðvelda nemendum tjáskipti og

kenna hegðun, við þökkum kærlega þessa góðu gjöf. Skólahópur leikskólans hefur fengið að vera í tímum með yngstu deild og hafa þau verið að leggja grunn að skólagöngu. Þau borða í Hlein með eldri nemendum og fara í íþróttir.
Í miðdeild eru nemendur að hefja alþjóðlegt samstarf við skóla frá ýmsum Evrópulöndum. Töluverður áhugi er á því að hafa Hríseyjarskóla með vegna sérstöðu hans. Nemendur koma til með að kynnast jafnöldrum sínum í fjarlægum löndum og þeirra viðfangsefnum í vetur.
Nemendaráðið hefur staðið fyrir uppbrotsdögum í vetur og hefur verið góð þátttaka í þeim. Einn daginn mættu allir í sparifötum, annan á náttfötunum og einn daginn var 80‘s þema. Nemendur elstu deildar hafa farið í skólakynningar á Laugar, Verkmenntaskólann og Menntaskólann á Akureyri.
Við héldum dag íslenskar tungu hátíðlegan, alþjóðlega bangsadaginn, einnig dag íslenskar náttúru auk þess að bjóða upp á foreldrakaffi á alþjóðadegi barna. Við gengum fylktu liði á baráttudegi gegn einelti og sungum vináttulög á öllum vinnustöðum eyjarinnar. Það er enginn dagur eins og alltaf nóg um að vera í Hríseyjarskóla.
Ný heimasíða skólans var tekin í notkun í haust. Slóðin er www.hriseyjarskoli.is

Við óskum nemendum, foreldrum og öðrum Hríseyingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári og þökkum samstarfið.

Málþing um framtíð Hríseyjar

Á haustmánuðum kom saman hópur fólks í Hrísey sem átti það sameiginlegt að hafa áhyggur af þróun byggðar í eyjunni. Fyrsta verkefni hópsins var að setja á netið könnun um ýmis málefni er varða þjónustu og búsetuskilyrði í eyjunni. Rúmlega 150 manns svöruðu könnunni. Hópurinn skipulagði og stóð fyrir málþingi um framtíð Hríseyjar í september. Á þingið mættu rúmlega 60 manns og þar var meginákersla lögð á að ræða grunngildi samfélagsins, atvinnumál, þjónustu, samgöngur, ferðaþjónustu, umhverfismál og afþreyingu. Í hópi gesta voru alþingismenn, bæjarstjórnarmenn, embættismenn Akureyrarbæjar, fulltrúar verkalýðsfélaga og áhugafólk um byggðina ásamt íbúum.

Strax eftir málþingið boðaði Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri Hverfisráð Hríseyjar til fundar ásamt fulltrúum áhugahópsins. Með bæjarstjóra í för voru forseti bæjarstjórnar, formaður stjórnar Byggðastofnunnar og framkvæmdarstjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar. Rædd voru atvinnu- og búsetumál Hríseyinga og þótti fundurinn afar gagnlegur.

Áhugahópurinn hefur haldið áfram að hittast reglulega og greiða úr niðurstöðum málþings og könnunarinnar. Þar sem sumar niðurstöður eiga beint erindi við ákveðin fyrirtæki, stofnanir og félög, þótti eðlilegast að senda formleg bréf til þessara aðila til að tryggja að niðurstöðurnar skili sér á rétta staði.

Þessir aðilar geta farið yfir þau málefni sem þá varða og séð hvort hægt sé að koma til móts við einhverjar tillögur sem fram komu. Með þessu móti er vonast til að vinnan skili sér sem best út í samfélagið því sumar hugmyndir er auðvelt að framkvæma og mögulegt að hrinda í framkvæmd.
Verkefnastjóri atvinnumála kom nýverið og hitti Hverfisráð. Hann vill koma af stað hópi innan eyjarinnar til að halda gangandi þeim hugmyndum sem komu fram á málþinginu. Einnig er búið að funda með umsjónarmönnum Sundlaugar Akureyrarbæjar. Það er ljóst að enginn mun leggja allt upp í hendurnar á okkur. Íbúar þurfa að hafa fyrir því að skapa sér umhverfi til að búa í og störf til að sinna. Ef þessi vinna í haust hefði ekki farið af stað, hefðu málefni eyjarinnar ekki vakið jafn mikla eftirtekt og þa**u** ger**a** í dag hjá ráðamönnum. Hópurinn vill vinna með íbúum að því að gera Hrísey að góðum stað til að búa á og gera fjölskyldum kleift að búa og starfa hér um ókomna tíð. Þegar búið er að vinna úr niðurstöðum könnunar og málþings verður boðað til íbúafundar og búast má við því að hann verði í febrúar eða mars eins og fram kom á málþinginu. Gífurlega mikil vinna er við úrvinnsluna og til að geta skilað góðri heildrænni vinnu gefur hópurinn sem samanstendur af vinnandi, virkum áhugamönnum sér rúman tíma í verkefnið.

Áhugahópur um framtíð Hríseyjar.

Íþróttaskóli

Íþróttaskóli hefur verið starfræktur í haust fyrir börn á leikskólaaldri. Þar hafa þau komið saman einu sinni í viku og fengið útrás fyrir hreyfingu. Þau eru mjög kappsöm krakkarnir. Flest eru mjög virk í leikjum og vilja gera vel. Það er áhugi fyrir hreyfingu meðal barnanna og skilningur foreldra á nauðsyn þess að þau fái hana. Tímarnir eru 40 mínútur og enda allir á því að nemendur setjast niður í ávaxtastund og drekka vatn með. Umsjón með íþróttaskólanum í vetur hefur Ingibjörg Guðmundsdóttir kennari og þroskaþjálfi. Þar sem foreldar hafa verið duglegir að hjálpa til var ákveðið í samráði við stjórn UMF Narfa að öll æfingagjöld renni til kaupa á áhöldum og búnaði til íþróttaskólans. Júllabúð leggur til ávextina og þjálfari gefur vinnu sína. Með þessu viljum við styrkja það starf sem fer fram í Íþróttamiðstöðinni.



Eyfar ehf

Eins og flestum er kunnugt rennur samningur Eyfars ehf um rekstur ferju út um næstu áramót en að beiðni Vegagerðar hefur hann verið framlengdur um tvö ár og hefur samningur um það verið undirritaður .
Í febrúar verður farið í slipp þar sem hældrifinn (skrúfubúnaðurinn) verður tekinn úr og allt endurnýjað í þeim, einnig kraninn tekinn og yfirfarinn ásamt landfestaspili sem verður endurnýjað. Nákvæm dagsetning er ekki komin en verður auglýst þegar nær dregur en áætlað er að verkið taki 14 vinnudaga og mun Freyr Antonsson með Hvalaskoðun Dalvíkur sjá um ferðir á meðan .Viðskiptavinir eru vinsamlegast beðnir um að beina öllum þungaflutningi á Sæfara meðan á þessu stendur. Komið hefur upp sú hugmynd að sá tími ársins sem fækkað er um eina ferð sé allur tekinn á sama ári en ekki yfir áramót eins og nú er gert og verður það skoðað fyrir næsta haust. Nýlega var Sigurður Óli Bragason ráðinn vélstjóri og mun hann hefja störf eftir áramót. Litlu jólin verða á sínum stað og verða þau föstudaginn. 13 des. kl. 18:00.

Að lokum óskum við öllum gleðilegrar jólahátíðar og gæfu á komandi ári.

F.h. Eyfar ehf. Smári og Pétur

Viðburðir í desember.

Hríseyjarkirkja

Aðventustund í Hríseyjarkirkju fyrsta sunnudag í aðventu **1. desember kl. 16:00**

Laugardaginn 7. desember kl. 18:00 verður helgistund og kveikt á leiðalýsingunni í kirkjugarðinum.

Aðfangadagur jóla.
Aftansöngur verður í Hríseyjarkirkju
24. desember kl. 18:00.

Sóknarprestur

Kveikt á jólatré

Sunnudaginn 1. desember um kl.17:00, eða um leið og aðventustund í Hríseyjarkirkju lýkur. Heitt súkkulaði og smákökur í boði á eftir í Júllabúð.

Möndlugrautur í Hlein

Laugardaginn 7. desember verður boðið upp á graut með möndlu og að sjálfsögðu slátur nýtt og súrt. Verðlaun fyrir möndluna.

Hríseyjarskóli

Jólaföndur **laugardaginn 30. nóvember kl. 13:00**.
Litlu jólin **20. desember kl. 11:00**

Gallerí Perla

Jólamarkaður verður **sunnudagana 1.desember kl. 13:00 - 15:30 og 15. desember kl. 16:00 - 18:00.**

Litlu jól Eyfars

Föstudaginn 13. desember kl. 18:00 verða litlu jól Eyfars. Þau eru haldin í Íþróttamiðstöðinni.

Jólastund í húsi Hákarla Jörundar

Sunnudaginn 15. desember kl. 14:00 verður jólastund með upplestri, söng og huggulegheitum.

Áramótabrenna

Kveikt verður í áramótabrennunni á gamlársdag kl. 17:00**.**

Flugeldasala Björgunarsveitarinnar

Flugeldasalan verður **28. – 31. desember** í húsnæði sveitarinnar að **Ægisgötu 13.**

Afgreiðslutími nánar auglýstur í Júllabúð.

Björgunarsveitin

Veitingahúsið Brekka

Jólabingó

Fimmtudaginn 12. desember.
Barnabingó kl. 17:00
Bingó kl. 20:30

Kaffihlaðborð **sunnudaginn 15. desember**
kl. 15:00 – 16:30

Skötuveisla **laugardaginn 21. desember** kl: 18:00.
Vinsamlegast pantið fyrir 18. desember
í síma 695-3737

Nánari opnun og viðburðir í desember auglýst síðar.

Veitingahúsið Brekka

Jólaljósaviðurkenning

Veitt verður viðurkenning fyrir fallegar jólaskreytingar **22. desember kl.15:00 í Júllabúð**

Jólapósturinn 23. desember

Móttaka jólapósts verður í Júllabúð milli kl. **13:00 og 15:00.**

Ungmennafélagið Narfi

Jólagleði Kröflu

Laugardaginn 28. desember verður skemmtikvöld í Sæborg. Söngur, gleði og glens. Nánar auglýst síðar.

Jólatrésskemmtun

Jólatrésskemmtun verður haldin annan dag jóla í Íþróttamiðstöðinni, tímasetning nánar auglýst síðar. Dansað verður í kringum jólatréð og má búast við að jólasveinar komi í heimsókn.

Ungmennafélagið Narfi og
foreldrafélag Hríseyjarskóla.

Frá nemendum Hríseyjarskóla

,,Á jólunum er gleði og gaman súm súm súm“…Eins og segir í textanum en það er nú ekki alveg satt því jólin geta verið rosalega mikið vesen. Það þarf að kaupa mat, gjafir, skraut, tré og allt mögulegt og allt þetta getur verið rándýrt. Við krakkarnir í eldri deild Hríseyjarskóla reiknuðum út að það kostar u.þ.b. milljón að halda jólin einu sinni á ári! En það getur nú verið gaman að halda jól. Um jólin ættu allir að gleðjast saman, fara á jólaböll og kannski jólahlaðborð eða eitthvað annað skemmtilegt. ,,Þá fá allir eitthvað fallegt“…eins og segir í textanum en það er heldur ekki alveg satt því annars staðar í heiminum fær enginn neitt nema skot í öxlina eða stórhættulegan sjúkdóm. Þess vegna ættu allir að biðja á jólunum um frið á jörðu og fyrir öllum sem minna mega sín og kannski setja eitthvað smá klink í bauk hjá Rauða krossinum eða einhverjum öðrum hjálparstofnunum því sem betur fer erum við Íslendingar ekki það illa staddir að við getum ekki gefið smá afgangs klink. Svo ætti maður að njóta jólanna með vinum og ættingjum.

Gleðileg jól allir.

Mikael Ásgeirsson 9. bekk

Jákvæðar fréttir

Gaman er að segja frá því að í Hrísey hefur Inga (Ingibjörg Þórðardóttir) opnað nýtt fyrirtæki. Um er að ræða félagsráðgjafarstofu sem eingöngu býður upp á ráðgjöf með samskiptum í gegnum netið og síma, þ.e. tölvupósta, skype viðtöl og símaviðtöl. Stofan heitir Hugrekki – Ráðgjöf og fræðsla og er vefslóðin www.hugrekki.is þar sem boðið er uppá alla almenna félagsráðgjöf en Inga hefur sérhæft sig í, og unnið lengi við, ráðgjöf fyrir þolendur hvers kyns ofbeldis og aðstandendur þeirra. Þá er einnig boðið uppá fræðslu fyrir hópa sem vilja auka þekkingu sína á málaflokknum. Inga er félagsráðgjafi og er að skila mastersritgerð sinni, sem fjallar um ofbeldi karla í parsamböndum útfrá sjónarhorni karla sem hafa beitt slíku ofbeldi og leitað sér aðstoðar vegna þess. Þjónusta hugrekki.is getur verið mjög hentug t.d. fyrir þá sem þurfa að fara langt til að sækja sér ráðgjöf eða ekki treysta sér til að nýta þjónustu í heimabyggð, heyrnarlausa, fatlaða sem og þá sem ekki geta nýtt sér hefðbundna tíma hjá meðferðaraðilum. Með því að nýta þá tækni sem við búum yfir í nútímasamfélagi er oft hægt að skapa störf á stöðum sem annars búa við slæmar atvinnuaðstæður og með þessu nýja fyrirtæki hefur Inga skapað eitt nýtt starf í Hrísey. Um leið hefur hún skapað sér atvinnu á sínu sérsviði og sýnt fram á að það er hægt að skapa störf fyrir fagaðila á landsbyggðinni.

Meira jákvætt

Stefna hugbúnaðarhús opnaði nýverið starfsstöð í Hrísey. Þar starfar margmiðlunarfræðingurinn Ingólfur Sigfússon og vinnur hann að uppsetningu nýrra Moya vefa fyrir viðskiptavini Stefnu. Skrifstofan er til húsnæðis í Hlein við Hólabraut í Hrísey en þar deilir Stefna skrifstofu með námsveri fyrir fjarnema í Hrísey. Staðsetning skrifstofunnar hefur gefist vel og vinnur Ingólfur þar í samstarfi við kollega sína hjá Stefnu á Akureyri og Kópavogi með aðstoð upplýsingatækninnar. Matthías Rögnvaldsson, framkvæmdastjóri Stefnu, segir að það sé Stefnu mikil ánægja að opna starfsstöð í Hrísey og stuðla þannig að fjölbreyttara atvinnulífi í eynni. „Við erum stoltir af staðsetningu nýja útibúsins okkar og ánægðir að auka með því fjölbreytni í atvinnulífi Hríseyjar. Opnun útibúsins undirstrikar að ýmis konar þjónustu er hægt að sinna í hinum dreifðari byggðum og jákvætt að fólk hafi tækifæri að búa og starfa þaðan sem það hefur hug á.“ segir Matthías Rögnvaldsson á vefsíðu Stefnu.

Eflum atvinnu, verslum í heimabyggð.
Opið alla daga. Alltaf heitt á könnunni.
Opnunartími yfir hátíðardagana auglýstur síðar.

Júllabúð

Starfsemi Ferðamálafélagsins

Starfsemin hefur verið hefðbundin á þessu ári. Ráðnir voru tveir starfsmenn í 100% vinnu yfir sumarmánuðina sem unnu í húsi Hákarla Jörundar og á vagninum. Sumarið kom almennt vel út en júlí var frekar slakur miðað við síðustu ár og var það víða þannig vegna veðurs. Ferðamálafélag er aðili að Markaðsskrifstofu Norðurlands og situr þar fundi. Einnig er félagið í safnaklasa Eyjafjarðar. Samstarfið við Saga Travel hefur gengið vel og var skipt um hráefni í sælkeraferðunum vegna gjaldþrots Skelfélagsins og er nú boðið upp á harðfisk, hvannarplokkfisk og grillaða hnakka með hvönn í samstarfi við Útgerðarfélagið Hvamm og Hrísiðn. Gaman er að segja frá því að ferðaskrifstofan Saga Travel á Akureyri fékk nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðaþjónustunnar í ár.
Til stendur að uppfæra heimasíðu félagsins og mun hún taka miklum breytingum. Þessi vinna er að fara í gang og verður unnin með Ingólfi Sigfússyni sem starfar hjá Stefnu og er með starfsstöð í Hrísey. Mikil ánægja er með Facebook síðu félagsins og er fólk mjög duglegt að setja inn myndir og fróðleik. Ferðamálafélaginu hefur borist bréf með punktum og tillögum varðandi ferðaþjónustu í Hrísey frá málþinginu og könnuninni sem var á heimasíðunni og verður farið yfir þessa punkta og reynt að vinna með þá eins og hægt er. Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem gerðust aðilar að félaginu á árinu kærlega fyrir stuðninginn.

Frá nemendum Hríseyjarskóla

Leikskólaval

Síðasta vor áttum við í eldri deild að velja okkur val í Hrísey. Við stelpurnar í 8. 9. og 10. bekk völdum leikskólaval. Aðra vikuna skipuleggjum við og vikuna eftir vinnum við með krökkunum það sem var skipulagt. Það er oftast eitthvað þema sem Þórunn og Ingveldur eru búnar að ákveða fyrir okkur. Í hverjum tíma lærum við eitthvað nýtt til dæmis, syngjum, dönsum, förum í allskonar leiki, við lesum saman og tökum svo nokkrar myndir.
Við reynum líka að nota sem flesta þroskaþætti en þeir eru: Ég sjálf, umhverfi, málþroski, vitsmunaþroski, skynjun, hreyfiþroski og félagsþroski.

Jara Sól Ingimarsdóttir, Mónika Sól Jóhannsdóttir og Karolina Domanska.

Höfuðbeina og spjaldhryggjameðferð

Býð upp á Höfuðbeina og spjaldhryggjameðferð í sundlauginni og á meðferðarbekk.

Jónína sími: 846-6769

Fréttir frá Ungmennafélaginu Narfa

Árið 2013 hefur verið nokkuð viðburðaríkt hjá Ungmennafélaginu Narfa. Á þjóðhátíðardaginn 17. júní stóð ungmennafélagið fyrir hátíðarhöldum sem hófust með hinu árlega 17. júní hlaupi þar sem hlaupið var í fjórum aldursflokkum. Klukkan 14 hélt svo dagskráin áfram við Sæborg. Boðið var upp á andlitsmálningu og vöfflukaffi, farið í leiki á tjaldsvæðinu og á eftir var bíó fyrir börnin. Í sumar var haldið leikjanámskeið fyrir 2-5 ára annars vegar og 6-10 ára hins vegar. Á Hríseyjarhátíðinni bauð félagið gestum hátíðarinnar upp á fría hoppukastala.

Í vetur stendur félagið fyrir íþróttaskóla fyrir börn á leikskólaaldri, frjálsíþróttaæfingum fyrir 5-10 ára og knattspyrnuæfingum fyrir 6-10 ára og 11-15 ára. Í nóvember var svo farið af stað með badmintonæfingar og var þjálfari badmintondeildar KA á Akureyri, Högni Harðarson, fenginn til að koma á tvær fyrstu æfingarnar þar sem hann kenndi grunndvallaratriði í badminton. Æfingar verða svo vikulega fyrir alla 13 ára og eldri. Góð þátttaka var á þessar tvær fyrstu æfingar. Í vetur tók stjórnin af skarið og lagaði til í áhaldageymslunni í íþróttahúsinu. Settar voru upp hillur, snagar og festingar. Akureyrarbær styrkti okkur um hilluefnið, en annað keypti félagið.

Til stendur að byggja frisbígolfvöll í Hrísey og ætlar ungmennafélagið að hafa umsjón með því verkefni. Félagið sótti um styrk í Íþróttasjóð Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og á nýju ári verður hafist handa við að safna fleiri styrkjum og teikna upp völlinn. Höfum við verið í góðum samskiptum við Íslenska frisbígolfsambandið sem hefur boðist til að vera okkur innan handar varðandi hönnun á vellinum. Nánari upplýsingar um frisbígolf íþróttina er að finna á www.folf.is.

Snyrting

Býð upp á snyrtingu allan ársins hring. Tilboð allan desember og fyrsta laugardag hvers mánaðar fram í apríl. Húðhreinsun var kr. 5.000 nú kr. **3.500**.
Litun á augnhár og brúnir var kr. 3.000 nú kr. **2.000**.

Jónína sími 846 6769.

Handgerð kerti

Til sölu handgerð kerti hjá Rósu Kára, tilvalin í jólapakkann. Hún tekur á móti kertaafgöngum og gerir við föt. Jólakortin frá Blindrafélaginu fást hjá Rósu og einnig í Sparisjóðnum.

Fjarnáms- og fjarvinnuaðstaða í Hrísey

Á haustdögum kviknaði sú hugmynd að koma upp aðstöðu fyrir fjarnema og þá sem stunda fjarvinnu í Hrísey. Bréf var sent til Hverfisráðs þar sem óskað var eftir því að fá að samnýta læknastofuna í Hlein með lækninum, þar sem heyrst hafði að með haustinu myndi læknir aftur hafa reglulega viðveru í Hrísey. Hverfisráð kom erindinu áleiðis til Akureyrarbæjar þar sem erindið var samþykkt.

Fimm skrifborðum hefur verið komið fyrir í stofunni í læknaíbúðinni í Hlein og er setið við þrjú þeirra. Í eldhúsinu er kaffistofa sem einnig nýtist sem biðstofa þegar hjúkrunarfræðingur og læknir hafa hér viðveru.

Á málþinginu sem haldið var í Hrísey í haust komu fram margar hugmyndir um að meira mætti gera út á störf í fjarvinnu í eyjunni, þar sem allar fjarlægðir hverfa þegar internetið er annars vegar og hnattræn staðsetning skiptir ekki máli. Nú hefur þessari aðstöðu verið komið upp og er vonandi að með tímanum muni þeim fjölga sem vilja nýta aðstöðuna, hvort heldur sem er til að stunda fjarnám eða fjarvinnu.

Fréttabréf Ferðamálafélags Hríseyjar - www.hrisey.net
Ábyrgðarmaður: Stjórnin.